

Gera má ráð fyrir að ferðir geti fallið niður eða tafist vegna ófyrirséðra orsaka, t.d. óveðurs, bilana, þungrar umferðar og annarra þátta. Því er nauðsynlegt að sýna biðlund þegar færð er slæm og líkur á að ferðum bílanna seinki.

Farþegi þarf að gefa sér eðlilegan tíma til að komast milli staða með tilliti til umferðar og vegalengdar. Lögð er áhersla á að hafa viðveru í bílunum sem stysta og má gera ráð fyrir að ferðatími sé svipaður og hjá almenningsvögnum.



**Akureyrarbær**

Pöntunarsími  
akstursþjónustunnar er  
**462 5959**

**Tengiliðir eru:**

**Umsóknir**

Velferðarsvið Akureyrarbæjar  
Sími **460-1410**  
velferðarsvið@akureyri.is

**Framkvæmd akstursþjónustu**

Umhverfismiðstöð  
Akureyrarbæjar  
Rangárvöllum  
sími **462-4929**  
ferlithjonusta@akureyri.is

Með kveðju og von um góða  
samvinnu

Starfsmenn akstursþjónustunnar



**Akstursþjónusta  
Akureyrarbæjar**

**Atriði sem farþegar eru  
beðnir að hafa í huga**



## Akstursþjónusta Akureyrarbæjar

Um leið og við bjóðum þig velkomna/velkominn í akstursþjónustuna viljum við benda á nokkur atriði til upplýsingar.

Akstursþjónustan er sérhæfð þjónusta og ætluð til afnota fyrir þá einstaklinga sem geta ekki nýtt sér almenna strætisvagna vegna skertrar líkamlegrar og andlegrar færni sem rekja má til fötlunar, sjúkdóma eða aldurs.

Megintilgangur akstursþjónustunnar er að notendur geti stundað vinnu, nám, notið heilbrigðisþjónustu, hæfingar og þjálfunar. Fjöldi ferða einstaklinga verði ekki fleiri í heild en 80 á mánuði. Ein ferð er skilgreind sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka.

Þjónustusvæðið er Akureyri en hægt er að sækja um akstur í þjálfun í endurhæfingaraðstöðu í Kristnesi.



Strætisvagnar Akureyrar sjá um akstursþjónustuna og er hún almennt veitt virka daga frá kl. 7:30 – 23:30. Ekkert gjald er fyrir akstursþjónustuna. Um helgar og aðra almenna frídaga er akstri þjónustunnar sinnt af aðilum sem SVA fær til verksins, t.d. leigubílum, og tekur Akureyrarbær þátt í ferðakostnaði með sérstökum ferðakortum sem gilda á þjónustutíma strætisvagna. Ferðakortin eru eingöngu ætluð þeim sem eru með samþykka akstursþjónustu.

Strætisvagnar Akureyrar sjá um bókun ferða. Pöntunarsími akstursþjónustunnar er 462-5959 og er hann opinn frá kl. 08:00 til 15:30 alla virka daga. Hægt er að pantaferðir með tölvupósti og er netfangið [ferlithjonusta@akureyri.is](mailto:ferlithjonusta@akureyri.is).

**Pantanir og breytingar** á ferðum þurfa að berast fyrir kl. 15:30 daginn áður. Allar breytingar á ferðum eftir kl. 17:00 tilkynnast í síma 840-4167.

**Nauðsynlegt er að láta vita ef farþegi ætlar ekki að nýta áður pantaðan akstur.**

Ef brýna nauðsyn ber til að nýta bílinn milli kl. 18.00 og 23.30 virka daga er hægt að panta aksturinn samdægurs í síma 840 4167.

Farþegar þurfa að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri á umsömdum tíma þannig að bíllinn þurfi ekki að bíða, því seinkun á einum stað leiðir til seinkunar hjá öðrum.

Geti farþegi ekki komist hjálparlaust frá anddyri í bílinn þarf að tryggja að aðstoð sé til staðar við anddyri.

Geti farþegi ekki ferðast einn, vegna einhverra orsaka, þarf hann að hafa fylgdarmann með sér.

Bent er á að halda þarf gönguleiðum og heimkeyrslum við heimahús greiðfærum t.d. vegna snjóá. Skábraut þarf að vera vegna hjólastóla þar sem tröppur eru. Bílstjórar geta takmarkað komið til aðstoðar, nema vegna sérstakra aðstæðna.

Um helgar og á frídögum er hægt að panta akstur hjá BSO í síma 461 1010.

Þar sem BSO er ekki með **hjólastólabíl** til umráða þá hefur Akureyrarbær samið við verktaka með sérútbúna bíla. Hægt er að hafa samband við þá í eftirtaldi röð:

1. JS bus ehf, sími 845-0090
2. Auðun Benediktsson, sími 892-4257
3. Sýsli - ferðir og ökukennsla ehf, sími 869-4149
4. Sérleyfisbílar Ak. - Norðurleið, sími 550-0700